




Íþróttamiðstöðin Borg



Sumaropnun: 27. maí - 20. ágúst

mánudaga - föstudaga kl. 10 - 22
laugardaga - sunnudaga kl. 10 - 19

Vetraropnun: 21. ágúst - 26. maí

mánudaga - fimmtudaga kl. 14 - 22
föstudaga Lokað
laugardaga - sunnudaga kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Ágúst 2017



GRÍMSÆVINTÝRI
Á BORG Í GRÍMSNESI 12. ÁGÚST 2017
KL. 13.00 - 17.00

Að vanda verður þétt og skemmtileg dagskrá.
Karitas Harpa Davíðsdóttir kemur og syngur.
Einar einstaki töframaður galdrar fram eitthvað skemmtilegt.
Leikfélagið Borg verður með sýningu
Tralli trúður skemmtir börnunum
og svo tökum við nokkur Zumba spor.

Flotta og fræga Tombólan Okkar verður á sínum stað.
Handverks-, bóka- og matarmarkaður í íþróttahúsinu.
Kaffihúsið verður hlaðið bakkelsi
Hjálparseitin Tintron sýnir tækin sín
Skátarnir á Úlfjótssvatni verða við útielðhúsið

Blöðrur, andlitsmálning, candy floss,
fritt í sund og margt fleira skemmtilegt
fyrir alla fjölskylduna.
Tjaldstæði er á staðnum.

Aðgangur að hátíðinni er ókeypis.
Allur ágóði af Tombólunni
rennur til góðgerðar-
og líknarmála innanlands



FUNDARGERÐ.

414. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 5. júlí 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Karl Þorkelsson í fjarveru Guðmundar Ármanns Péturssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

a) Erindi frá Emil Morávek.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. júní 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. júní 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

b) Fundargerð 136. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 22. júní 2017.



Mál nr. 18, 19, 20, 21, 22, 31 og 32 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Verzlunin BORG



Opið;
mánud. til laugard. 09:00 - 21:00
sunnudaga 10:00 - 20:00

*Ný brauð og bakkelsi
alla daga kl: 9:30
frá Sindrabakaríi*



Verið velkomin - heitt á könnunni
S: 486-4408

Tek að mér trjáskurlun á greinum og stofnum allt að 20 cm sverum. Einnig má setja smærri greinarnar með afleggjurum og laufi.

Jóhannes
S. 848-1123



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is



Heilsugæslan Laugarási

Tímamantanir í síma 432-2770

Lyfjaendurnýjun í síma 432-2020

Lögð fram 136. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 22. júní 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 18: 1705039 - Klausturhólar 2 lnr. 168966: Klausturhólar 2a og 2b: Stofnun lóða.

Lögð fram að nýju umsókn Björgvins Magnússonar, dags. 10. maí 2017 um skiptingu lóðarinnar Klausturhólar 2 lnr. 168966 í þrjá hluta. Nú er lagt fram lagfært lóðablað sem sýnir m.a. aðkomu að landinu auk þess sem fyrir liggur samþykki allra eigenda aðliggjandi lands. Landið er í dag 4,78 ha skv. mælingu og verða lóðirnar þrjár á bilinu 1,18 - 1,80 ha að stærð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við skiptingu lóðarinnar en bendir á að ekki verður hægt að sækja um byggingarleyfi á nýjum lóðum nema á grundvelli deiliskipulags fyrir svæðið. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 19: 1706044 - Fljótsbakki 5 lnr. 179265 og Fljótsbakki 6 lnr. 179266: Breyting á lóðamörkum.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðanna að Fljótsbakka 5 og 6 úr landi Asgarðs um breytingu á lóðarmörkum milli lóðanna til samræmis við meðfylgjandi lóðablað. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingu á lóðarmörkum í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

Mál nr. 20: 1706049 - Nesjar lnr. 170892 (Hestvíkurvegur nr.4): Breyting á stærð lóðar.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Nesjar lnr. 170892, dags. 15. júní 2017 um breytingu á skráningu lóðarinnar. Er lóðin skráð 2.500 m² en verður skv. nýju lóðablaði 13.492 m² auk þess sem hún fær heitið Hestvíkurvegur 4. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytta afmörkun lóðarinnar, með fyrirvara um samþykki eigenda og lóðarhafa aðliggjandi lóða á hnitsetningu landamarka.

Mál nr. 21: 1512043 - Kerið í Grímsnesi: Deiliskipulag.

Fyrir liggja drög að tillögu að deiliskipulagi fyrir Kerið ásamt lóðablaði sem sýnir afmörkun landsins. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að stækka núverandi bílastæði í átt að þjóðvegi auk þess sem afmarkaðir eru tveir byggingarreitir fyrir starfsmannaaðstöðu, salerni og þjónustuhús.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lóðablaði er land Kersins 23.84 ha. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um fyrirbyggjandi tillögu.

Mál nr. 22: 1607005 - Nesjavellir 209139: Aukið byggingarmagn hótels: Deiliskipulag.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi sem nær til lóðar ION hótels á Nesjavöllum með lnr. 209139. Fyrirhugað er að byggja við núverandi hótél og bæta við um 22 herbergjum þannig að þau verði um 64 talsins. Núverandi hótél er um 2.300 m² að stærð en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að heildarbyggingarmagn verði allt að 3.830 m². Tillagan var auglýst 23. mars 2017 með athugasemdafresti til 5. maí. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggja umsagnir Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Skipulagsstofnunar. Óskað var eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar að ósk Skipulagsstofnunar en hún hefur ekki borist enn. Að mati sveitarstjórnar er ekki tækt að biða lengur eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar þar sem óskað var eftir umsögn 29. mars sl. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið óbreytt frá auglýstri tillögu og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 31: 1706042 - Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög við afmörkun lóða orku- og veitufyrirtækja innan þjóðlendna.

Fyrir liggja drög að leiðarvísi fyrir sveitarfélög við afmörkun lóða fyrir orku- og veitufyrirtæki. Hefur leiðarvísirinn verið unnin af sambandi íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við forsætisráðuneytið auk þess sem fulltrúar frá Samtökum orku-sveitarfélaga, Þjóðskrá og Skipulagsstofnun hafa komið að vinnunni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að leiðarvísi og mælir með að farið verði í að útbúa lóðablöð fyrir virkjanir innan svæðisins í samræmi við þau.

Mál nr. 32: 1706001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-56.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní 2017.

- c) **Fundargerð 22. fundar Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 20. júní 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Hortensíur og kryddjurtir

Nýr opnunartími

Opið alla virka daga frá 10-16

Sími 669-0108.



Saumaðkompan Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515

Tökum að okkur stór og smá verk:
tætingu, jarðvinnu, heyvinnu,
bílaflutninga & fólksflutninga,
6-11 farþega.



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

d) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 15. júní 2017.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 15. júní 2017.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Nýtt húsnæði við Fljótsmörk 2 í Hveragerði.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings þarf að fara úr húsnæðinu sem þau hafa til leigu í dag og liggur fyrir leigusamningur að nýju húsnæði við Fljótsmörk 2 í Hveragerði. Jafnframt liggur fyrir tillaga að breytingum og áætlun um kostnað við breytingar á húsnæðinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins vegna breytinganna.

3. Endurskoðun Aðalskiplags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggja drög að breyttu aðalskipulagi sem unnið hefur verið að í samvinnu við landeigendur og hagsmunaðila. Einnig lögð fram drög að breyttri greinargerð með skipulaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa, í samstarfi við hönnuði, að senda drögin til umsagnaraðila til umsagnar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

4. Skólaakstur.

Fyrir liggja niðurstöður verðtilboðs í skólaakstur skólaárin 2017 – 2021. Tilboð bærust frá Pálmari K. Sigurjónssyni ehf. í leið 1, 271 kr/km og leið 2, 317 kr/km og biðtíma. 3.842 kr/klst, frá Hauki Þór Kristinssyni í leið 1, 273 kr/km og leið 2, 373 kr/km og biðtíma 3.500 kr/klst og frá Guðmundi Jóhannessyni í leið 1, 277 kr/km og leið 2, 305 kr/km og biðtíma 3.500 kr/klst. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við lögstjóðendur fyrir hvora leið fyrir sig, Pálmari Sigurjónsson ehf. vegna leiðar 1 og Guðmund Jóhannesson vegna leiðar 2.

5. Bréf frá Katli Sigurjónssyni þar sem óskað er eftir viðbrögðum forsvarsmanna sveitarfélagsins vegna áforma um leyfi til vindmælinga og rannsókna á svæði innan lögsögu-marka sveitarfélagsins.

Á fundi sveitarstjórnar þann 5. apríl s.l. var erindi Ketils frestað fram yfir íbúafund þann 20. júní s.l. og á fundi sveitarstjórnar þann 21. júní s.l. var oddvita og sveitarstjóra falið að gera samkomulag við Ketil um vindmælingar á Mosfellsheiði. Jafnframt leggur oddviti fram drög að að viljayfirlýsingu sveitarstjórnar vegna vindmælinganna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi viljayfirlýsingu og felur oddvita að undirrita hana fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. Lögreglusamþykkt fyrir Suðurland.

Lögð fram til seinni umræðu ný sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi lögreglusamþykkt fyrir Suðurland.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Úlfjótsskála, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 30. júní 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Úlfjótsskála, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

8. Bréf frá ríkisskattstjóra, Steinþóri Haraldssyni vegna álagningarskrár 2017.

Fyrir liggur bréf frá ríkisskattstjóra, Steinþóri Haraldssyni, dagsett 27. júní 2017 þar sem kynnt er að álagningarskráin muni liggja frammi að Vegskálum 1, Hellu í 14 daga frá og með 29. júní s.l. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá forstjóra Íbúðarlánasjóðs, Hermanní Jónassyni þar sem sagt er frá sérstökum lána kjörum fyrir sveitarfélög vegna kaupa á húsnæði í félagslegum tilgangi.

Fyrir liggur bréf frá forstjóra Íbúðarlánasjóðs, Hermanní Jónassyni, dagsett 28. júní 2017 þar sem sagt er frá sérstökum lána kjörum fyrir sveitarfélög vegna kaupa á húsnæði í félagslegum tilgangi. Fjöldi eigna íbúðarlánasjóðs í sveitarfélaginu eru þrjár. Bréfið lagt fram til kynningar.




Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga

Árlegt reiðnámskeið Hestamannafélagsins Trausta fyrir börn og unglinga hefst sunnudaginn 13. ágúst og lýkur miðvikudaginn 16. ágúst.

Kennt verður seinni partinn og á kvöldin og kennari verður Sólon Morthens.

Skráning er hjá Guðný á Ormsstöðum í síma 894-0932 og hjá Auði á Hömrum í síma 867-6452 fyrir kl. 22:00 laugardagskvöldið 12. ágúst.



Fimmtudaginn 17. ágúst verður svo riðið inn í Krínglumýri, grillað, farið í leiki og gist.

Börn 12 ára og yngri þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Skráning í reiðtúrinn og gistingu er hjá Guðný á Ormsstöðum í síma 894-0932 og hjá Auði á Hömrum í síma 867-6452.

Æskulýðsnefnd Trausta



Vallamót 2017

Árlegt Vallamót Hestamannafélagsins Trausta verður haldið laugardaginn 19. ágúst n.k. á Laugarvatnsvöllum. Líkt og fyrr verður keppt í smalakeppni og verður smalakeppninni skipt í smala 1, þ.e. 14 ára og yngri (fæddir 2003 og seinna) og smala 2, þ.e. 15 ára og eldri (fæddir 2002 og fyrr).

Mótið hefst kl. 10:00 og er dagskrá sem hér segir:

Barnaflokkur

Unglingaflokkur/ungmennaflokkur

Pollaflokkur

Firmakeppni

Smali 1

Smali 2

Verðlaunaafhending fer fram strax að lokinni keppni í hverjum flokki.

Sé áhugi fyrir hendi á verður keppt í kappreiðum, þ.e.a.s. í skeiði eða stökki.

Skráningar í alla flokka verða á staðnum.

Vallamótsnefnd Trausta

10. Afrit af bréfi frá Félagi sumarhúsaeigenda í Kerengi til stjórnar Brunavarna Árnessýslu um forvarna- og brunavarna-áætlanir fyrir sumarhúsasvæðið í Kerengi.

Fyrir liggur bréf frá Félagi sumarhúsaeigenda í Kerengi til stjórnar Brunavarna Árnessýslu, dagsett 1. júní 2017 þar sem kallað er eftir forvarna- og brunavarnaáætlunum fyrir sumarhúsasvæðið í Kerengi með tilliti til gróðurs og húsbygginga. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar ásamt umhverfisskýrslu.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Péttri Inga Haraldssyni, skipulagsfulltrúa, dags. 26. júní 2017 þar sem kynnt er tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagið.

12. Önnur mál.

a) Erindi frá Emil Morávek.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Emil Morávek f.h. framleiðslufyrirtækisins Gullslottið ehf., dags. 4. júlí 2017 þar sem óskað er eftir að fá leyfi til að taka upp hluta kvikmyndarinnar „Kona fer í stríð“ á Mosfellsheiði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við myndatökurnar svo framarlega sem gengið verði vel um svæðið.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 521. stjórnarfundar 21.06 2017.
- ✓ Háskólafélag Suðurlands, skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra um starfsemi ársins 2016.
- ✓ Skýrsla fagráðs um sjúkraflutninga með þylum.
- ✓ Háskólafélag Suðurlands ehf., ársreikningur 2016.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Erasmus, aðferðafræði jarðmenntunar. Verkefni með þátttöku aðila frá Króatíu, Íslandi, Póllandi og Portúgal.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:40



Gæðingakeppni Trausta 2017

Gæðingamót hestamannafélagsins Trausta í Laugardal, Grímsnesi, Grafningi og Þingvallasveit fór fram 29. júlí s.l. á Þorkelsvelli á Laugarvatni í einmunabliðu. Þó ekki hafi verið margir sem skráðu, var hestakosturinn frábær og einkunnir því háar. Dómarar voru Hafnfirðingarnir Friðdóra Friðriksdóttir og Sindri Sigurðsson og skiluðu þau hlutverki sínu af vandvirkni og með miklum sóma. Þau höfðu og mörg orð um einstaka umgjörð mótssvæðisins og þá miklu möguleika sem það gefur. Mótið hófst stundvíslega kl. 11:00 og var lokið kl. 16:00. Keppt var í A-flokki og B-flokki gæðinga, barnaflokki, unglingaflokki og tölti.

Helstu úrslit urðu þessi:

A-flokkur gæðinga:

1. Ófeigur frá Þóroddsstöðum, knapi Bjarni Bjarnason eink. 8,54
2. Frökk frá Hömrum, knapi Sigurður Halldórsson eink. 8,46
3. Dugur frá Minni-Borg, knapi Halldór Þorbjörnsson eink. 8,30
4. Gefjun frá Stangarlæk, knapi Hildur K. Hallgrímsd. eink. 7,88
5. Kalmann frá Efri-Brú, knapi Guðmundur Valsson eink. 7,82

Tölt:

1. Sandra Pétursdóttir Jonsson á Kórónu frá Dallandi eink. 6,50



Sumarlokun skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Vegna sumarleyfa er skrifstofa
Grímsnes- og Grafningshrepps
lokuð frá 24. júlí til og með 11. ágúst.

Skrifstofan opnar aftur mánudaginn 14. ágúst n.k.

Sumarleyfi sveitarstjórnar

Sveitarstjórn verður í sumarleyfi seinni fund
í júlí og fyrri fund í ágúst.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður
miðvikudaginn 16. ágúst, kl. 9:00 f.h.

Sveitarstjóri

OPNUNARTÍMAR GÁMASTÖÐVARINNAR SEYÐISHÓLUM

Sumaropnun - 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga:

Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Fridag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag
17. júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

UMHVERFIS OG TÆKNISVIÐ UPPSVEITA ER KOMIÐ MEÐ FACEBOOK SÍÐU



Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Hundaeigendur athugið

Af gefnu tilefni vil ég minna hundaeigendur á að **lausaganga hunda** í sveitarfélaginu er **bönnuð** skv. samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 60/2012.

Handsömunargjald er 10.000 kr. í hvert skipti sem hundur er handsamaður skv. gjaldskrá um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 141/2012.

Samþykktina og gjaldskrána er hægt að lesa inn á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is /

Sveitarstjóri



Sigurveigari í A-flokki gæðinga, Ófeigur frá Þóroddsstöðum og knapi mótsins, Bjarni Bjarnason.

Barnaflokkur:

1. Margrét Bergsdóttir á Ilmi frá Reykhól eink. 7,92
2. Vala Benediktsdóttir á Stássu frá Miðengi eink. 7,80

Unglingaflokkur:

1. Júlía Guðbjörg Gunnarsdóttir á Feng frá Skarði

B-flokkur gæðinga:

- | | |
|---|------------|
| 1. Lukka frá Bjarnastöðum, kn. Guðjón S. Sigurðsson | eink. 8,64 |
| 2. Hnokki frá Þóroddsstöðum, kn. Bjarni Bjarnason | eink. 8,56 |
| 3. Mirra frá Minni-Borg, kn. Halldór Þorbjörnsson | eink. 8,31 |
| 4. Vísir frá Efri-Brú, kn. Guðmundur Valsson | eink. 7,79 |

Hestur mótsins: Lukka frá Bjarnastöðum

Knapi mótsins: Bjarni Bjarnason



Sigurveigarar í B-flokki gæðinga



Hestur mótsins, Lukka frá Bjarnastöðum og knapi hennar Guðjón Sigurliði Sigurðsson



Frá Leikfélaginu Borg

Leikfélagið Borg heldur leiklistanámskeið fyrir börn og ungmenni **dagana 8.—10. ágúst**

Námskeiðið verður á Borg, mikið úti og kannski eitthvað inni, fer eftir veðri.

Tímar og hópar fara eftir fjölda og aldri þátttakenda. Í framhaldinu verður þátttaka í Grímsævintýrum 12. ágúst fyrir þá sem það vilja.

Skráning á netfangið leikfelagidborg@gmail.com eða í síma 894-0932